

Tillaga um framlög vegna fjárhagsáætlunar



Tillaga um óbreytt framlag sveitarfélaganna til reksturs SSNE og Sóknaráætlunar

Undanfarin ár hafa framlög sveitarfélaga innan SSNE til reksturs og Sóknaráætlunar verið hækkuð í samræmi við breytingu neysluvísitölu.

Í ljósi aðhaldskröfu í rekstri sveitarfélaganna á næstu árum leggur stjórn SSNE til við haustþing SSNE að framlög til SSNE og Sóknaráætlunar fyrir árið 2026 verði óbreytt frá árinu 2025.

Við þessa breytingu verða framlög sveitarfélaganna til SSNE og Sóknaráætlunar rúmlega 6,6 milljónum króna lægri á árinu 2026 og fram til ársins 2029 yrði lækkun framlaga samtals tæplega 29 milljónir króna.

SSNE mun mæta þessari lækkun með aðhaldi í kostnaði, svo sem starfsmanna- og ferðakostnaði. Þar að auki er lausafjárstaða félagsins nokkuð góð.

Þróun framlaga sveitarfélaga til reksturs SSNE:					
	Ár	Framlag	Framlag hefði orðið	Lækkun	Lækkun fram til 2029
	2021	69.500.000			
	2022	74.000.000			
	2023	81.360.000			
	2024	79.548.333			
	2025	83.241.815			
Áætlun	2026	83.241.815	88.821.832	5.580.017	
Áætlun	2027	87.918.873	93.812.412	5.893.539	
Áætlun	2028	92.583.655	98.789.892	6.206.237	
Áætlun	2029	97.254.575	103.773.922	6.519.347	24.199.140
Þróun framlaga sveitarfélaga til Sóknaráætlunar SSNE:					
	Ár	Framlag	Framlag hefði orðið	Lækkun	Lækkun fram til 2029
	2021	13.000.000			
	2022	13.000.000			
	2023	14.290.000			
	2024	15.240.000			
	2025	15.950.000			
Áætlun	2026	15.950.000	17.020.000	1.070.000	
Áætlun	2027	16.850.000	17.975.000	1.125.000	
Áætlun	2028	17.740.000	18.930.000	1.190.000	
Áætlun	2029	18.630.000	19.880.000	1.250.000	4.635.000



SSNE

Samtök sveitarfélaga & atvinnuþróunar
á Norðurlandi eystra